Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Caverject Dual 10 míkrógrömm/0,5 ml og 20 míkrógrömm/0,5 ml
Stungulyfsstofn og leysir, lausn
alprostadil

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.
- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Caverject Dual og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Caverject Dual
3. Hvernig nota á Caverject Dual
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Caverject Dual
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Caverject Dual og við hverju það er notað

Caverject Dual inniheldur virka efnið alprostadil, sem svipar til náttúrulegs efnis í líkamanum sem kallast prostaglandín E1. Það útvíkkar blóðæðarnar og eykur þannig blóðflæði til limsins. Slíkt auðveldar stinningu. Caverject Dual er notað við ristruflunum, þar á meðal ónógri stinningu og getuleysi. Læknirinn getur einnig notað Caverject Dual ásamt öðrum rannsóknum til að greina orsök ristruflunarinnar.

2. Áður en byrjað er að nota Caverject Dual

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Caverject Dual:
- ef um er að ræða ofnæmi fyrir alprostadili eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú ert með óeðlileg rauð blóðkorn (sigðfrumublóðleysi), krabbamein í blóði (hvítblæði), beinmergskrabbamein (mergæxli) eða aðra sjúkdóma sem geta valdið langvinnri stinningu (standpínu), þ.e. þegar stinning varir lengur en í 6 klukkustundir.
- ef þú ert með innlegg í lim.
- ef þú átt að forðast kynlíf, t.d. vegna hjartasjúkdóms.
- ef þú ert með örmyndun í lim, beygðan lim eða ert með Peyronies-sjúkdóm.
- ef þú ert með forhúðarþrengingu.

Ekki má gefa börnum Caverject Dual (sjá „Caverject Dual inniheldur bensýlalkóhól og natríum“).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Hafið **tafarlaust** samband við lækni eða bráðamóttöku ef stinning varir lengur en í 4 klukkustundir, þar sem hefja þarf meðhöndlun innan 6 klukkustunda. Ef ekki næst í lækninn skal leita til bráðamóttöku.

Leitið ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en Caverject Dual er notað:
- ef þú ert með kvilla í lungum, brjóstholi eða hjarta (við þær aðstæður ættir þú að gæta fyllstu varúðar við samfarir)
- ef þú hefur haft geðkvilla eða misnotað vímuefni
- ef þú hefur fengið lítið slag (skammvinna heilablóðþurrð)
- ef þú ert með einn eða fleiri áhættuþætti tengda hjartaæðum (geta meðal annars verið hár blóðþrýstingur, tóbaksnotkun, hækkaður blóðsykur, hækkað kólesteról í blóði, ofþyngd og offita)
- ef þú ert með einn eða fleiri áhættuþætti fyrir að fá slag (geta meðal annars verið hár blóðþrýstingur, hækkað kólesteról í blóði, kransæðasjúkdómur, hjartsláttartruflanir, sykursýki)

Kynsjúkdómar
Caverject Dual veitir hvorki þér né makanum vörn gegn kynsjúkdómum, t.d. alnæmi, herpes eða lekanda. Við notkun Caverject Dual getur orðið smávægileg blæðing á stungustað. Sú smávægilega blæðing getur aukið hættu á að makinn smitist af kynsjúkdómi. Smokkar geta veitt vernd gegn kynsjúkdómum. Ef þú þarft að fá ráðleggingar um getnaðarvarnir eða öruggt kynlíf skaltu ræða við lækninn.

Notkun annarra lyfja samhliða Caverject Dual

Ræddu við lækninn **áður** en meðferð með Caverject Dual hefst ef þú notar:

- Lyf við háum blóðþrýstingi (blóðþrýstingslækkandi lyf)
- Lyf við hjarta- og öndunarfærasjúkdómum (adrenvirk lyf)
- Æðavíkkandi lyf
- Blóðþynningarlyf (segavarnarlyf)
- Önnur lyf við ristruflunum (t.d. sildenafíl eða papaverín)

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga og brjóstagjöf
Pör mega nota Caverject Dual þegar stefnt er að þungun og þótt konan sé þunguð eða hafi barn á brjósti. Caverject Dual veitir ekki getnaðarvörn og því skal nota örugga getnaðarvörn ef þungunar er ekki óskað.

Akstur og notkun véla
Ekki er búist við að Caverject Dual hafi áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Caverject Dual inniheldur bensýlalkóhól og natríum
Lyfið inniheldur 8,9 mg/ml af bensýlalkóhóli.

Bensýlalkóhól getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

Notkun mikils magns af Caverject Dual getur valdið uppsöfnun bensýlalkóhóls í líkamanum, sem getur leitt til súrnunar blóðsins (kallast blóðsýring). Sjúklingar með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi þurfa að gæta sérstakrar varúðar og ræða við lækni sinn.

Bensýlalkóhól hefur verið tengt við hættu á alvarlegum aukaverkunum, þ.m.t. öndunarerfiðleikum (kallast heilkenni andkafa eða „gasping syndrome“) hjá ungum börnum. Caverject Dual má ekki gefa börnum.

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól af natríum (23 mg) í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

3. Hvernig nota á Caverject Dual

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækninum eða lyfjafræðingi.

Leiðbeiningar um undirbúning og gjöf inndælingarinnar eru á bakhlið þessa fylgiseðils.

Þú og maki þinn
Ef þú óskar eftir að makinn taki þátt í undirbúningi og/eða inndælingu skaltu ræða við lækninn um að makinn fái þjálfun.

Hversu miklu af Caverject Dual á að dæla inn?
Mismunandi er eftir einstaklingum hve mikið þarf af Caverject Dual til að meðhöndla ristruflun. Læknirinn mun ráðleggja þér um réttan skammt og vera í reglulegu sambandi til að athuga hvort lyfið virki.

Upphafsskammtur á læknastofu er 1,25-2,5 míkrógrömm. Ekki er hægt að gefa skammta minni en 2,5 míkrógrömm með Caverject Dual, en Caverject stungulyfsstofn er notaður til þess. Flestir nota 5-20 míkrógrömm en sumir þurfa stærri skammta. Læknirinn mun ávísa minnsta skammti sem hefur áhrif, til að draga úr líkum á langvarandi stinningu. **Aldrei má nota stærri skammt en 40 míkrógrömm.**

Ef Caverject Dual er notað við rannsóknir á orsökum ristruflunar er skammturinn 5-20 míkrógrömm.

Ef skammturinn sem þér hefur verið ávísaður hefur ekki nógu mikil áhrif skaltu segja lækninum frá því. Ekki breyta skammtinum nema læknirinn gefi fyrirmæli um það. Ef þú manst ekki hve mikið á að nota skaltu lesa miðann á umbúðunum eða ræða við lækninn.

Hve oft má nota Caverject Dual?
Þú mátt ekki nota Caverject Dual oftar en einu sinni á sólarhring og ekki oftar en þrisvar sinnum í viku. Skipta skal um stungustað hverju sinni.

Stinning eftir inndælingu með Caverject Dual
Nokkur stund mun líða frá inndælingu þar til stinning fæst. Ef notaður er réttur skammtur af Caverject Dual fæst nægileg stinning til samfara. Almennt á stinningin ekki að vara lengur en í eina klst. Ef þú óskar að hún vari lengur skaltu ræða við lækninn. **Hafið strax samband við lækni eða bráðamóttöku ef stinning varir lengur en 4 klukkustundir** (sjá kaflann Varnaðarorð og varúðarreglur).

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um
Láttu lækninn strax vita þar sem þú gætir þurft á meðferð að halda, sérstaklega ef þú færð stinningu sem varir lengur en fjórar klukkustundir.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hafið tafarlaust samband við lækninn ef stinning varir lengur en í 4 klukkustundir. Ef ekki næst samband við lækni skal **tafarlaust** leita á bráðamóttöku, þar sem veita þarf meðferð innan 6 klukkustunda.

Meðal annarra aukaverkana geta verið eftirfarandi:

Mjög algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 sjúklingum)

- Verkir í lim.

Algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 sjúklingum)

- Mar, örvefsmyndun eða bognun lims, sérstaklega eftir langtímanotkun lyfsins. **Hafðu samband við lækninn** ef þetta gerist þar sem þú gætir þurft að hætta að nota Caverject Dual.
- Langvarandi stinning.
- Aðrir kvillar í lim.
- Bólga og mislitun í húð eða mar á stungustað. Þetta gæti gerst þegar Caverject Dual er notað í fyrsta sinn en þegar þú hefur vanist því að nota Caverject Dual ætti þetta að gerast sjaldnar.
- Vöðvakippir.

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 sjúklingum)

- Viðbrögð á stungustað s.s. erting, bólga eða þroti á stungustað og hugsanlega kláði eða blæðing, tilfinningaleysi, hitatilfinning, aukið næmi eða sársauki.
- Roði, bólga eða verkir í eistum eða pung. Myndun sæðisgúls, sem eru blöðrur sem innihalda sæði. Limurinn gæti orðið tilfinningarlaus.
- Óþægileg, sársaukafull eða langvarandi stinning eða skortur á stinningu, breyting á sáðláti eða þrenging eða bólga í forhúð og efsta hluta limsins.
- Aukin þvaglátsþörf eða verkur eða erfiðleikar við þvaglát. Blóð í þvagi eða á enda limsins, sérstaklega ef Caverject Dual er fyrir mistök dælt inn í rásina sem færir þvag út um liminn (þvagrásina).
- Verkur í mjaðmagrind, máttleysi, svitamyndun, ógleði eða þroti í höndum eða fótum, kvef eða munnþurrkur. Þú gætir fengið sveppasýkingu (þrusku).
- Breytingar á blóðþrýstingi og hjartslætti, yfirliðstilfinning, grunn öndun og yfirlið vegna sjálfrar inndælingarinnar.
- Kláði, roði á stungustað, útbrot eða vöxtur í húð, aukin svitamyndun, næmi í augum fyrir björtu ljósi eða mikil víkkun sjáaldurs (ljósopsstækkun), minnkað eða aukið snertiskyn, krampi í fótum, kaldar hendur og fætur, æðakvillar, þ.m.t. blæðing (blæðing frá bláæðum).
- Hækkuð gildi kreatíníns í blóðrannsóknum (efni sem fyrirfinnst í vöðvum).

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni útfrá fyrirliggjandi gögnum)

- Ófullnægjandi blóðflæði til hjartavöðvans í gegnum kransæðar.
- Slag.

<u>Tilkynning aukaverkana</u>
Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Caverject Dual

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Blanda má lausnina allt að 24 klukkustundum áður en hún er notuð, ef hún er geymd við eða undir 25°C hita.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Caverject Dual inniheldur

Virka innihaldsefnið er alprostadíl. Fremra hólf hverrar lykju getur mest gefið 10 eða 20 míkrógrömm af alprostadíli í 0,5 ml, eftir því hvaða styrkleika hefur verið ávísað.

Önnur innihaldsefni eru laktósaeinhýdrat, alfadex, natríumsítrat, saltsýra, natríumhýdroxíð.

Leysirinn í aftara hólfinu er bakteríuheftandi vatn til inndælingar og inniheldur 0,9% bensýlalkóhól og vatn fyrir stungulyf. Sótthreinsiklútarnir eru vættir í ísóprópýlalkóhóli.

Lýsing á útliti og pakkningastærðir

Pakkningarnar innihalda glerlykju með tveimur hólfum sem settar eru saman í eina einingu í einnota sprautu. Lykjan inniheldur stungulyfsstofn í fremra hólfinu og leysi í aftara hólfinu.

Í hverri pakkningu er allt sem þarf fyrir tvær eða tíu aðskildar inndælingar af Caverject Dual. Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Í pakkningunni með Caverject Dual eru:

1. Tvær eða tíu einnota sprautur sem hver inniheldur Caverject Dual tveggja hólfa rörlykju
2. Tvær eða tíu nálar (29G)
3. Sótthreinsiklútar

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi
Pfizer ApS
Lautrupvang 8
2750 Ballerup
Danmörk.

Framleiðandi
Pfizer Manufacturing Belgium NV, Rijksweg 12, 2870 Puurs-Sint-Amands, Belgía.

Umboð á Íslandi
Icepharma hf., Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í nóvember 2026.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

Caverject Dual 10 og 20 míkrógrömm Stungulyfsstofn og leysir, lausn
alprostadil

Mikilvægar upplýsingar sem þú þarft að kynna þér áður en Caverject Dual er notað
Í notkunarleiðbeiningunum eru upplýsingar um hvernig eigi að gefa Caverject Dual með inndælingu. Vinsamlega lesið þessar leiðbeiningar um notkun vandlega áður en byrjað er að nota Caverject Dual og í hvert skipti sem þú færð lyfseðilinn endurnýjaðann þar sem nýjar upplýsingar kunna að hafa bæst við.
Heilbrigðisstarfsmaður á að sýna þér eða umönnunaraðila hvernig á að undirbúa og gefa skammt af Caverject Dual á réttan hátt áður en lyfið er notað í fyrsta skipti. **Ekki gefa þér né neinum öðrum inndælingu fyrr en þú hefur fengið leiðbeiningar um hvernig eigi að gefa Caverject.**
Hugsanlegt er að þú viljir að maki þinn taki þátt í undirbúningi og/eða gjöf inndælingarinnar. Ef svo er skaltu ræða við lækninn um þjálfun fyrir makann.

Búnaður sem þarf fyrir hverja inndælingu

- **1 innsiglaður plastbakki sem inniheldur:**
    - 1 Caverject Dual
    - 1 nálarbúnað
    - 2 sprittþurrkur

- **Hlutar Caverject Dual sprautunnar og nálarbúnaðarins:**



Undirbúningur



Skref 1 - undirbúningur

- **Þvoið og þerrið** hendur vandlega.
- **Opnið** innsiglaða plastbakkann. Takið sprautuna, nálarbúnaðinn og sprittþurrkurnar úr bakkanum.
- **Athugið** fyrningardagsetningu (EXP) sem er prentuð á merkimiða sprautunnar.
- **Notið ekki** sprautuna og fargið henni ef fyrningardagsetning er liðin.



Skref 2 - Nálin fest við

- **Hreinsið** gúmmíhimnuna á enda sprautunnar með sprittþurrku.
- **Festið** nálarbúnaðinn með því að fjarlægja hlýfðarpappírinn. **Þrýstið** nálarbúnaðinum fast á enda sprautunnar. **Snúið** honum réttsælis þar til hann situr tryggilega (eins og þegar skrúfa er hert).
- Fjarlægið ytri nálarhlífina af og fleygið henni.
- **Ekki** fjarlægja innri nálarhlífina enn sem komið er.



Skref 3 – Blandið lyfið í rörlykjunni

- **Haldið** sprautunni þannig að nálin vísi **beint upp.**
- **Snúið stimpilstönginni varlega** réttsælis (eins og þegar skrúfa er hert) alveg inn í sprautuna þar til hún stöðvast. Þannig blandast lyfið.
  - **Ekki** snúa stimpilstönginni rangsælis (skrúfað úr).
  - **Ekki** þrýsta stimpilstönginni inn í sprautuna á meðan henni er snúið. Þetta getur valdið því að plastþræðir á stimpilstönginni festist.
- **Gangið úr skugga um** að stimpilstöngin sé skrúfuð alla leið inn. Ef hún er það ekki þá er ekki hægt að halda áfram að undirbúa sprautuna.
- **Hristið sprautuna varlega** eða snúið henni nokkrum sinnum á hvolf til að tryggja að lyfið hafi blandast.
- **Athugið** lyfið eftir blöndun. Það á að vera tært. **Ekki** nota lyfið ef það er skýjað eða inniheldur agnir.

Athugið: Hægt er að undirbúa (blanda) lyfið allt að 24 klukkustundum fyrir notkun ef það er geymt við 2°C til 25°C.



Skref 4 – Fjarlægið loftbólur úr rörlykju sprautunnar

- **Haldið** sprautunni þannig að nálin vísi **beint upp**.
- **Fjarlægið** innri nálarhlífina **varlega** og fargið henni. Snertið **ekki** nálina. Hún er sæfð.
- **Bankið létt** á glært rörlykjuhylkið nokkrum sinnum þannig að stærri loftbólur færist upp í sprautuendann.
- Með sprautuna upprétta, **þrýstið stimpilstönginni ákveðið inn þar til hún stöðvast**. Þetta þrýstir loftinu og smávegis vökva út. Ef ekki er hægt að þrýsta stimpilstönginni inn skal ganga úr skugga

um að henni hafi verið snúið alla leið. Snúið stimpilstönginni réttsælis þar til hún stöðvast og reynið aftur að þrýsta.
- **Gangið úr skugga um** að stimpilstönginni hafi verið þrýst alveg inn. Ef hún er það ekki er ekki hægt að stilla skammtinn.

Athugið: Eftir að þrýst hefur verið á stimpilinn geta örfáar litlar loftbólur verið sýnilegar. Þetta er eðlilegt.



Skref 5 – Stillið skammtinn

- **Snúið stimpilstönginni hægt** réttsælis (eins og þegar skrúfa er hert) þar til ávísaður skammtur birtist í skammtaglugganum.
  - **Gangið úr skugga um** að skammturinn birtist fyrir miðju skammtagluggans.
  - Ef farið er fram hjá skammtinum, **skal halda áfram að snúa stimpilstönginni réttsælis** (eins og verið sé að herða skrúfu) þar til skammturinn birtist aftur.
- **Ekki** snúa stimpilstönginni í gagnstæða átt (losa hana) til að stilla skammtinn
  - Ef skammturinn er ekki miðjaður í glugganum getur verið að ekki takist að þrýsta stimplinum inn.
- **Ekki** þrýsta stimpilstönginni inn í sprautuna á meðan henni er snúið. Þetta getur valdið því að stimpilstöngin festist.

Athugið: Ef stimpilstöngin festist má reyna að losa hana með því að snúa henni varlega rangsælis (losa) og reyna síðan aftur (Þetta er eina skiptið sem heimilt er að snúa stimpilstönginni rangsælis).

Inndæling



Skref 6 – Stungustaðir

- **Veljið** stungustað á annarri hlið limsins, eins og sýnt er á skyggðu svæðunum á myndinni.
- **Ekki** gefa inndælingu ofan á liminn eða á neðra svæði hans þar sem þar geta verið bláæðar eða æðar.
- **Hreinsið** stungustaðinn með sápu og vatni ef hann er sýnilega óhreinn og leyfið honum að þorna. Ef læknir, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingur hefur mælt með notkun sprittþurrku, skal þurrka yfir stungustaðinn með henni og leyfa honum að þorna.
- **Snertið ekki** stungustaðinn eftir að hann hefur verið hreinsaður.



Skref 7 – Stingið nálinni inn

- **Haldið** sprautunni þannig að nálin vísi beint niður og **bankið létt** nokkrum sinnum á rörlykjuhylkið með fingrinum til að tryggja að þær loftbólur sem eru eftir hverfi.
- **Haldið** um liminn að framanverðu, með þumalfingur ofan á og næstu tvo fingur undir honum, nálægt pungnum.
- **Kreistið** liminn **varlega** milli þumalfingurs og fingranna svo stungustaðurinn **bungist út.**
    - Ef forhúð er til staðar skal ganga úr skugga um að hún sé teygð.
- **Þrýstið** nálinni beint í gegnum húðina og alla leið inn í hlutann sem bungar út (Corpora Cavernosa), hornrétt (90°) á stungustaðinn.
    - Forðist bláæðar og augljósar æðar.

Mikilvægt: Gangið úr skugga um að nálin sé **ekki** bogin. Nál sem hefur bognað og verið rétt aftur er líklegri til að brotna. Tilkynnt hefur verið um nálabrot, þar sem hluti nálar situr eftir í limnum, og í sumum tilvikum hefur slíkt krafist sjúkrahúsinnlagnar og skurðaðgerðar til að fjarlægja nálina. Ef nálin er bogin skal **ekki** nota hana né reyna að rétta hana. Fargið henni og

setjið nýja, ónotaða sæfða nál á sprautuna.



Skref 8 – Dælið lyfinu inn

- **Þrýstið** stimplinum ákveðið og jafnt og þétt inn.

Athugið: Ef lægsta skammtastillingin er notuð getur hreyfing stimpilsins verið mjög lítil og jafnvel vart greinanleg:
  - **Sprauta með hvítum stimpli (10 míkrógrömm):** lægsta skammtastillin er 2,5 míkrógrömm.
  - **Sprauta með bláum stimpli (20 míkrógrömm):** lægsta skammtastilling er 5 míkrógrömm.

Athugið: Ef stimpillinn hreyfist ekki auðveldlega skal aðlaga dýpt nálarinnar lítillega (án þess að fjarlægja nálina) og reyna aftur. **Ekki** þrýsta lyfinu út úr sprautunni með afli.

Mikilvægt: Lyf verður eftir í rörlykju sprautunnar ef skammturinn sem sprautað var er lítill. Þetta er eðlilegt. **Ekki** reyna að sprauta lyfi sem eftir er.



Skref 9 – Eftir að inndælingu er lokið

- **Eftir að inndælingu er lokið** skal draga nálina **varlega út.**
  Það kann að sjást dropi af lyfinu á nálaroddinum. Þetta er eðlilegt.
- **Þrýstið varlega** á stungustaðinn með sprittþurrku.
- **Nuddið** liminn með sprittþurrkunni til að hjálpa lyfinu að dreifast um hann.
- **Ekki** nota sprautuna aftur. Sjá **skref 10, „Förgun”** varðandi leiðbeiningar um förgun.



Skref 10 – Fargið sprautu og nál

- **Fargið** notaðri sprautu með áfastri nál samkvæmt fyrirmælum læknisins, hjúkrunarfræðings eða lyfjafræðings og í samræmi við gildandi heilbrigðis- og öryggislöggjöf.
- **Leitaðu ráða** hjá lækninum þínum eða lyfjafræðingi um hvernig skuli farga ílátinu ef þú ert óviss.